



Borgarráð

Reykjavíkurborg í hópi 100 loftslagsborga

Á fundi borgarráðs 18. nóvember 2021 var samþykkt tillaga borgarstjóra um að Reykjavíkurborg myndi sækja um að verða ein af kolefnishlutlausum snjallborgum í Evrópu árið 2030. Unnin var ítarleg umsókn sem var send inn í lok janúar 2022. Alls sóttu 377 borgir um að verða hluti af leiðangrinum. Reykjavík hefur nú orðið fyrir valinu sem ein af 100 borgum sem fallnar eru til að vera í forystu til að ná þeim árangri í loftslagsmálum sem brýnt er að ná.

Borgirnar voru valdar af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Valið fór fram með þeim hætti að fyrst fóru óháðir sérfræðingar ítarlega yfir hverja umsókn fyrir sig. Í öðru lagi fór framkvæmdastjórn Evrópusambandsins yfir umsóknirnar til að tryggja fjölbreytni í hópnum, m.a. hvar borgirnar eru landfræðilega staðsettar og hvar þær eru staðsettar varðandi kolefnishlutleysi og stafræna vegferð.

Evrópusambandið mun verja 360 milljónum evra eða rúmlega 50 milljörðum íslenskra króna til stuðnings við borgirnar á þessu ári og næsta, með áherslur á grænar samgöngur, grænar áherslur í borgarskipulagi og betri orkunýtingu. Um 500 milljónir er því að ræða á hverja þátttökuborganna en líklegt er að fjárstuðningurinn verði á verkefnagrunni og munu leikreglurnar og verkefnaáætlun borgarinnar vegna verkefnisins vera kynntar nánar fyrir borgarráði þegar þær liggja fyrir. Ljóst er að um er að ræða gríðarlega áhugavert verkefni og mikinn heiður fyrir borgina að verða fyrir valinu, auk þess sem þetta mun styðja við markmið Reykjavíkur í loftslagsmálum og gera borginni kleift að ná árangri hraðar en annars hefði verið hægt og læra af öðrum borgum sem eru í forystu loftslagsmála í Evrópu.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

100 loftslagsborgir – kynning.



100 loftslagsborgir

Hrönn Hrafnadóttir



Forsaga

- Borgarráð veitti formlega heimild til umsóknar í nóvember 2021
- Umsóknin var unnin í janúar 2022
- Teymið:
 - Hrönn Hrafnisdóttir USK/SBB
 - Karen Björk Eypórsdóttir USK/SBB
 - Eiríkur Hjálmarsson, OR
 - Erik Tryggvi S. Bjarnason, FÁST
 - Guðmundur B. Friðriksson USK
 - Gyða Mjöll Ingólfssdóttir USK
 - Hulda Hallgrímsdóttir SBB
 - Karen María Jónsdóttir, ÞON
 - Þorsteinn Rúnar Hermannsson, Betri samgöngum
- Alls sóttust 377 borgir eftir þátttöku




Um leiðangurinn

- 100 loftslagsborgir er einn leiðangur af fimm rannsóknarleiðöngrum* Evrópusambandsins, Horizon Europe sem er rannsóknar og nýsköpunar prógram fyrir árin 2021 til 2027
- Markmið verkefnisins er
 - Að 100 borgir Evrópu verði kolefnishlutlausar og snjallar árið 2030
 - Að tryggja að þessar borgir verði miðstöðvar rannsókna og nýsköpunar til að gera öllum öðrum borgum í Evrópu kleift að verða kolefnishlutlausar árið 2050

*Hinir fjórir leiðangrarnir eru á sviði aðlögunar að loftslagsbreytingum, hafsins, jarðvegs og krabbameins



Páttökuborgirnar





Ávinningur loftslagsborga

- Ráðgjöf og aðstoð frá NetZeroCities
- Aukin tækifæri til styrkja og fjármögnunar
- Tækifæri á rannsóknar og nýsköpunar styrkjum
 - Potturinn er 360 milljón evra á árunum 2021-2023
- Stuðningur af alþjóðlegu samtarfsneti
- Tækifæri til tengslamyndunar, lærdóms og að deila reynslu
- Stuðningur við að virkja borgara til þátttöku í ákvarðanatöku
- Mikill heiður. Aukinn sýnileiki og eftirsóttari borg til að búa og starfa í.

BENEFITS FOR CITIES

- **Tailor-made advice and assistance** from the Mission Platform (managed by the [NetZeroCities](#) consortium)
- Unlocking additional **funding and financing opportunities** through a Mission label
- **Research & innovation funding opportunities** for cities to join large innovation actions, pilot projects and demonstrations (total budget from Horizon Europe for 2021-2023 is €360 million)
- Support through a national **coordination network**
- Networking opportunities, **learning and exchange of experiences** among cities
- Support with **involving citizens in decision-making**
- **High visibility** – raised political profile and **attractiveness** for investment and skilled workers



Næstu skref: Loftslagssamningar

- Loftslagssamningar um kolefnishlutleysi allra geira: orku, mannvirkja, úrgangs og samgangna
- Þurfa að innihalda bæði aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og fjárhagsáætlun
- Byggja á nýsköpun í stjórnýslu borgarinnar og þátttöku borgarbúa
- Gert er ráð fyrir samstarfi við Evrópusambandið, ríkið og önnur sveitarfélög
- Borgarar, rannsóknarstofnanir og einkageirinn verða þátttakendur í vegferðinni

NEXT STEPS

Cities will start working on their Climate City Contracts



Including climate action plan and investment strategy



Innovative city governance and citizen engagement



Involvement of EU, national and regional level

Climate City Contracts are drawn up by cities, involving citizens and partners, and set out their plans to achieve climate neutrality by 2030. The contracts are a clear and highly visible political commitment, but not legally binding.



Reykjavík